

Lækjargata 4 sem nú á að flytja í Árbæjarsafn, á sér ákaflega litríka sögu. Það var reist árið 1852 og var fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið í Reykjavík. Þarna bjó Benedikt Gröndal ásamt fjölskyldu sinni á árunum 1875-1881. Ljósm. Bjarni.

á bak við stórt steinhús og sést naumast frá götunni. Það er lítið breytt frá því að Benedikt skildi við það er hann dó 1907. Enn er það timburklætt með fornlegum dyra- og gluggaumbúnaði og inni er allt með sömu ummerkjum þó að húsgögnin séu önnur. Til eru lýsingar af háttum Benedikts og ljósmyndir úr húsinu frá hans tíð svo að þarna mætti gera hið ágætasta minjasafn um eitt sérkennilegasta og magnaðasta skáld Íslands.

Benedikt var vansæll oft og tíðum á síðari æviárum sínum og fór stundum á drykkjutúra og átti þá gjarnan viðdvöl í Svínastíunni sem var alræmd krá á Hótel Íslandi. Árni Thorsteinsson tónskáld segir í æviminningum sínum:

„Þeir, sem sóttu Svínastíuna, meðan hún var við lýði, voru nefndir dónar, og þeir, sem vildu kallast betri borgarar, létu aldrei sjá sig þar inni, nema Benedikt Gröndal. Það var venja hans að fara í Svínastíuna, þegar hann fór á túr, og kvaðst hann kunna best við sig með dónunum. Hann hafði litlar mætur á höfðingjunum og leit beinlínis niður á þá. Það mátti alltaf vita það, þegar Gröndal var að byrja á túr, því að það var segin saga, að þá bjó hann sig í sína verstu garma og labbaði niður í Svínastíu. Mun hann hafa haft gaman af að kynnast dónunum og spjalla við þá, því að margt af þessu voru greindir menn, þótt misheppnaðir væru. Það kom fyrir, að Gröndal var á túr heila viku í einu, og bar þá við, þótt honum væri lítið um höfðingjana eða embættismennina gefið, að honum dytti í hug að heimsækja einhvern þeirra. En hann var lítill aufúsugestur, þegar svona stóð á fyrir honum, og voru menn fljótir að slá loku fyrir dyrnar, þegar sást til Gröndals drukkins."

Valtýr Stefánsson ritstjóri átti eitt sinn viðtal við Jón Hjartarson kaupmann sem hafði verið heimagangur hjá Gröndal í æsku sinni. Jón sagði m.a.:

„Tímunum saman sat hann í gömlum ruggustól inni í borðstofu sinni og ruggaði sér þar fram og aftur og damlaði fingrunum í borðplötuna, án þess að mæla orð af vörum. Hann var yfirleitt venjulega ákaflega fámáll og vildi ekki láta trufla sig. Helst mátti ekkert snerta inni í skrifstofu hans. Þegar þurfti að ræsta þar eða gera hreint var ekki hægt að komast hjá því að róta þar til, þoldi hann ekki að horfa á það en rauk út . . .

En er hann tók bók og las, þá stóð hann alltaf á fætur og stóð við lestrar- eða teiknipúlt, sem var við suðurgluggann í stofunni. Stundum var eins og þunglyndið ætlaði að yfirbuga hann alveg. Þau einkennilegustu atvik gátu þá komið honum úr jafnvægi.

Einu sinni t.d. þurfti hann að fara niður í bæ. Hann bjó við Vesturgötu nr. 16. Er hann kom heim, var hann í argvítugasta skapi, hafði allt á hornum sér, skellti hurðum og rauk loks upp á loft. En uppi á lofti hafði hann herbergi, sem var það allra helgasta í húsinu. Þar geymdi hann fuglabyssu sína og ferðaútbúnað og eitthvað sem ég aldrei vissi hvað var. Þangað fékk ég aldrei að stíga mínum fæti.


Er hann kom niður aftur í þetta sinn, var hann spurður að því, hvað hefði komið fyrir hann. Sagðist hann þá ekki hafa mætt nokkurri manneskju á götunni nema gömlum og hrukkóttum kerlingum. Gæti hann alls ekki sætt sig við slíkt og færi hann aldrei framar út í bæ upp á þessar spýtur."

Jón Hjartarson segir ennfremur að kærkomnustu gestir á heimili Benedikts Gröndals hafi verið þeir Þorsteinn Erlingsson skáld og Guðmundur Magnússon læknir og hafi þeir verið einkum kátir saman Gröndal og Guðmundur og oft hlaupið kerskni í þá hvor við annan svo að báðir urðu háværir.

Nú býr í þessu gamla húsi skáldsins Eugenía Nilsen, ættuð úr Húsinu á Eyrarbakka og heldur öllu í horfinu.



Þetta fallega einbýlishús í Þingholtsstræti 14 reisti Benedikt árið 1881. Það varð honum fjárhagslega ofviða og hann neyddist til að selja það árið 1887. Helgi Helgason trésmiður og tónskáld er höfundur hússins eins og flestra annarra við þetta stræti. Ljósm. Bjarni



Bak við stórt steinhús kúrir þetta litla hús á Vesturgötu 16A svo að fáir taka eftir því. Þarna bjó ekkjumaðurinn Benedikt Gröndal á árunum 1888 til dauðadags 1907 og er húsið með upprunalegu svipmóti timburklætt. Það bíður eftir því að vera gert að minningarhúsi um hið sérstæða skáld.Ljósm.Bjarni

Höfundur er sagnfræðingur í Reykjavík.

TVEIR Á

Nokkur orð í tilefni sýningar Kristins G. Jóhannssonar og Guðmundar Ármanns Sigurjónssonar

Það eru undarleg ós
síður, að íslenzkir
annarsstaðar en í
arnar eru örfáir me
al þeir tveir sem e



Kristinn G. Jóhannsson: „Haustkvíðakvæði"